

17. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem hreppurinn hefur látið gera, enda annast hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar. Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi. Dragi húseigandi aftur á móti á langinn nauðsynlegt viðhald, getur hreppurinn ráðist í þær framkvæmdir á kostnað húseiganda.

18. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

19. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Nesjahrepps.

1. gr.

Vatnsveita Nesjahrepps er eign Nesjahrepps og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og fyrirtækja í hreppnum, eftir því, sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Nesjahrepps með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Nesjahrepps skulu jafnan fylgja reikningum sveitarsjóðs Nesjahrepps til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Nesjahrepps. Hreppsnefndin skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Nesjahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði hreppsins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi hreppsins með jarðraski eða mannvirkjagerð, og þess skal gætt, að grunnvatn í hreppnum spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er hreppsnefnd að hanna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í hreppnum, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingaefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægilegur.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá, er óskar að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægjanlegum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni. Umsóknir skulu skrifadaðar á eyðublöð, sem vatnsveitan lætur í té og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti. Uppláttur þessi skal gerður af manni með tæknipækingu á sviði vatnslagna og sem til þess hefur hlotið löggildingu vatnsveitunnar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Nesjahreppi.

7. gr.

Uppláttir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að myndir og áletrun máist ekki við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0×59.4 cm eða 59.4×34.0 cm.

Standi sérstaklega á, getur vatnsveitan leyft að gera uppláttina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, en 1:10 og 1:20, ef sýna þarf smáatriði. Uppláttir skulu sýna allar lagnir utanhúss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistöð við vatnsveituæð. Upplátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsleiðslna, loka og krana, svo og annarra þeirra atriða, sem málið snerta. Nota skal tákni í samræmi við íslenska staðla. Vatnsveitan getur krafist útreikninga á vatnslögninni, ef ástæða þykir til. Ef uppláttir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar vatnsveitan hefur samþykkt upplátt, skal á hann færð áritun um það og annað eintak hans skal síðan geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af vatnsveitunni, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt

Þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykktu þessara eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingunni, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið annast, staðfestir, áður en verkið hefst, með undirskrift sinni, að hann hafi tekið verkið að sér og sé ábyrgur fyrir því, að það sé unnið eftir settum reglum. Sé skipt um pípulagningameistara á meðan á verki stendur, ber að tilkynna það vatnsveitunni. Skal pípulagningameistari sá, sem við tekur, gefa yfirlýsingu um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið, og er honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur með undirskrift sinni tekið ábyrgð á verkinu.

10. gr.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

11. gr.

Vatnsveitustjóri skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar vatnspípur má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitustjóri hefur rétt til þess að láta þrýsti-prófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina. Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

12. gr.

Allar leiðslur frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi, nema vatnsveitan ákveði annað. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama vatnslagnakerfi við tvær heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrir mæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Starfsmenn vatnsveitunnar skulu ætíð sjá um tengingu heimæða við vatnsveituæð, en eigandi heimæðarinnar skal greiða sérstakt gjald áður, stofngjald, sem hreppurinn ákveður. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð, eða á fullnægjandi hátt fyrirbyggð, að ekki frjósi í vatnspípunum. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Vatnsveitustjóri getur, ef hann telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda, að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

13. gr.

Skyllt er mönnum að hlíta því, að vatnsæðar séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga.

14. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og skal húseigendum skylt að gefa upplýsingar m. a. um vatnsnotkun og fl. þ. h., eftir því sem óskað er. Starfsmönnum vatnsveitunnar ber að sýna fyllstu kurteisi við störf sín.

15. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig, að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

16. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara sem kostur er.

17. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða í eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum aðilum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar eða vatnsveitustjóra.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrustruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 15., 16. og 17. grein.

18. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram sbr. 12. grein, skal húseigandi greiða stofngjald til vatnsveitunnar. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss, og er kr. 10.00 á hvern rúmmetra húss miðað við byggingarvísitölu 913 stig. Heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

19. gr.

Innheimta skal vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Nesjahrepps, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem dreifiað vatnsveitunnar hefur verið lögð í.

Almennur árlegur vatnsskattur skal reiknast sem 2% — tveir af þúsundi — af heildarfasteignamati hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Vatnsskattur skal þó eigi vera lægri en kr. 1 000.00 af hverri íbúð á ári.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Greiða skal vatnsskatt af húsum og öðrum mannvirkjum, sem eru í byggingu og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

20. gr.

Aukavatnsskatt skal leggja á iðnfyrirtæki, veitingahús, þvottastöðvar og aðra aðila, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og skal hann vera kr. 5.00 fyrir hvern m³ vatns.

Nú notar aðili, sem greiða ber aukavatnsskatt, vatn án mælis, og ákveður hreppsnefnd þá aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Nú sætir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun hreppsnefndar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali hreppsnefndar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn í hlutfalli við niðurstöðu þeirrar mælingar.

21. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, leggur vatnsveitan til mæli og sér um viðhald hans að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 2 000.00 og leiga kr. 1 500.00 á ári fyrir hvern mæli.

22. gr.

Gjalddagi vatnsskatts samkvæmt 19. gr. er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts, en gjalddagi vatnsskatts og mælaleigu samkvæmt 20. og 21. gr. er í lok hvers mánaðar eða ársfjórðungslega eftir ákvörðun hreppsnefndar.

23. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu vatnsskattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er hreppsnefnd heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldanda og er heimilt að krefjast allt að kr. 1 000.00 opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á vatnsskattinum eða vatnsgjöldunum.

24. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

25. gr.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila, og má beita lögtaki, ef þörf krefur.

26. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

27. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim

skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

28. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Ögmund Jónsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Ögmund Jónsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Ögmund Jónsson.

2. gr.

Stofndagur sjóðsins telst vera 1. maí 1971.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ættingjar, vinir og kunningjar Ögmundar Jónssonar yfirverkstjóra, sem lést þann 30. janúar 1971.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60.000.00.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, framlög styrktarféлага, gjafir, áheit, svo og aðrar tekjur vegna fjáröflunarleiða, sem sjóðstjórn ákveður.

5. gr.

Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að halda á lofti minningu Ögmundar Jónssonar yfirverkstjóra.
2. Að styrkja konur og karla til fræðslu og þjálfunar í þágu alþýðuhreyfingarinnar á Íslandi.
3. Að sinna öðrum skyldum verkefnum, sem sjóðsstjórn ákveður með samþykki styrktarmannafundar.